

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á opnum tollkvótum á nautakjöti.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum á nautakjöti samkvæmt viðauka IV A og 12. gr. tollalaga nr. 88/2005, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993.

#### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

| Vara   | Tímabil           | Verðtollur<br>% | Magntollur<br>kr./kg |
|--|-------------------|-----------------|----------------------|
| <i>Tollskrárnúmer:</i> <b>Kjöt af dýrum af nautgripakyni, fryst:</b> |                   |                 |                      |
| <i>Beinlaust:</i>  |                   |                 |                      |
| 0202.3009 -- Annað (hakkefni)  | 29.06. - 30.09.17 | 0               | 270                  |

#### 3. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 448/2012 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

#### 4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. búvörulaga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. A, búvörulaga nr. 99/1993, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 30. september 2017.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 27. júní 2017.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Eggert Ólafsson.**

Birgitta Kristjánsdóttir.